

Nd.

218. Frumvarp

til laga um breyting á l. nr. 50 1927, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

2. málsgrein 3. greinar hljóði svo:

Samskonar ívilnanir má veita samkynja iðnaðarfyrirtækjum, er stofnuð

hafa verið eftir 1. janúar 1927, þannig að ívilnunin nemi sama hlutfalli, miðað við ársframleiðsluna, og ívilnunin nemur fyrir eldri samkynja fyrirtæki.

G r e i n a r g e r ð.

Samhljóða frv. var borið fram á síðasta þingi. Meiri hl. fjárhagsn. Nd. mælti með afgreiðslu málsins, en frv. náði ekki afgreiðslu.

Frv. er horið fram fyrir tilmæli h/f Ölgerðarinnar „Þórs“ í Reykjavík, og er ástæðan sú, að félag þetta, sem stofnað var árið 1929 og tók til starfa í ágústmánuði 1930, greiðir samkv. gildandi lögum herra gjald af framleiðslu sinni, vegna ákvæðisins í 3. gr. laga nr. 50 1927, en samkynja iðnaðarfyrirtæki, sem starfrækt hefir verið mörg undanfarin ár.

Það má til sanns vegar færa, að nýstofnuð fyrirtæki hafi meiri þörf á ívilnunum en þau, sem þegar eru orðin gróin, og virðast því tilmæli félagsins sanngjörn, úr því slík ívilnun hefir verið veitt með nefndum lögum.

Fyrir rikissjóðinn munar þessi breyting á lögnum mjög litlu, þar sem hún fellur burtu í árslok 1935, en með þessari breytingu á lögnum er stofnað til eðlilegs jafnréttis milli innlendra iðnfyrirtækja yfirleitt, og virðist nauðsyn bera til að stuðla að slíku.

Þótt lagabreyting þessi sé fram komin fyrir tilmæli ákveðins fyrirtækis, er eðlilegt og nauðsynlegt að láta breytinguna ná til allra innlendra iðnfyrirtækja, er líkt stendur á um; með því einu móti nær jafnréttiskrafan tilgangi sínum, enda óverulegur tekjumissir fyrir rikissjóð, eins og hér að ofan er getið, þar sem ekki getur verið um mörg fyrirtæki að ræða á þessu stutta tímabili, sem ívilnunin nær til.